

# Kennsluvefur Paint.net

Jón Magnússon



Lokaverkefni lagt fram til fullnaðar B.ed.-gráðu  
í grunnskólakennarafræði við Háskóla Íslands, Menntavísindasvið

September 2009

Lokaverkefni til B.Ed. -prófs

# Paint.net

Kennsluvefur

Jón Magnússon

140784-2149

Háskóli Íslands  
Menntavísindasvið  
Kennaradeild, grunnskólakennarafræði  
September 2009

# Efnisyfirlit

Inngangur .....	2
1 Kennsluvefur Paint.net .....	3
1.1 Markmið kennsluvefs .....	3
1.2 Kynning á verkefni .....	3
1.3 Efnisöflun og framkvæmd .....	4
2 Hagkvæmni kennsluvefs .....	5
3 Aðalnámskrá grunnskóla .....	7
Lokaorð .....	9
Heimildaskrá .....	10

# Inngangur

Margir kannast við að notað sé nýyrðið að „photoshoppa”. Það þýðir í raun að taka mynd sem til er og breyta henni með myndvinnsluforritinu Adobe Photoshop. Margir hefðu áhuga á að geta það sjálfir en hafa ekki til þess kunnáttu. Á veraldarvefnum er heill heimur af „photoshop-urum” á öllum aldri, þar með talið unglíngum, sem að eru að vinna með myndir og deila útkomunni með öðrum. Staðreynd er að krakkar á grunnskólaaldri, þá sérstaklega í unglíngdeild, eru alltaf að verða færari og færari á tölvur. Það er því upplagt að nýta hæfnina inn í kennslustofum landsins. Einnig getur verið gagn og gaman að því að lagfæra myndir þannig að þær verði meira eftir höfði hvers og eins. Því hef ég ákveðið að búa til kennsluvef á myndvinnsluforritið Paint.net sem að er miðaður að nemendum á unglíngastigi. Slóðin að kennsluvefnum er: <http://www.ofurhetjur.net/paintnet>.

# 1 Kennsluvefur Paint.net

## 1.1 Markmið kennsluvefs

Markmiðið með kennsluvefnum sem gerður var er að tengja kennslu í meiri mæli við notkun tölvu, hvort sem það er í myndmenntastofunni, í upplýsingatækninni eða í öðrum fögum námsins. Efnahagsástandið í landinu í dag er ekki upp á marga fiska og mikill niðurskurður hefur verið á framlögum til skóla. Það gerir það að verkum að kennarar hafa úr minnu að moða til efniskaupa en áður. Leita þarf að nýjum leiðum til þess að halda fjölbreytni í kennslu þrátt fyrir að skerðing hafi orðið á efnivið. Hagkvæm lausn er að bjóða upp á myndvinnslu í tölvum sem er endurgjaldslaus. Tölvur eru nú þegar til staðar í flest öllum skólum landsins. Leiðbeiningarnar á kennsluvefnum eru á þann hátt að þær eru skýrar og ættu að henta flestum þeim sem hafa grunnþekkingu á tölvur. Vonin er sú að kennsluvefurinn geti kveikt áframhaldandi áhuga á tölvugrafík hjá nemendum sem getur svo gagnast þeim að auki í framtíðinni.

## 1.2 Kynning á verkefni

Kostnaðarsamt getur verið að kaupa myndvinnsluforrit til að nota í tölvum í grunnskólum og því er myndvinnsluforritið Paint.net tilvalin lausn. Það var upphaflega hannað af nemendum úr Washington State University árið 2004 og var því ætlað að taka við af MS Paint. MS Paint er einfalt myndvinnsluforrit sem fylgir með Windows stýrikerfinu. Paint.net hefur þróast yfir í það að vera kraftmikið myndvinnsluforrit sem býður upp á margskonar möguleika við myndvinnslu. Einnig er hægt að niðurhala viðbótum og bæta við til þess að fá ennþá meiri fjölbreytileika. Paint.net styður lagskiptingu mynda, blöndun, gegnsæi og fleira. Forritið hefur farið stækkandi með árunum. Fyrir hinn almenna notanda er það engu síðra en Adobe Photoshop og er eins og áður segir endurgjaldslaust. (Wikipedia-The Free Encyclopedia, e.d.)

## 1.3 Efnisöflun og framkvæmd

Nýtt var þekking úr áföngum í upplýsingatækni við Kennaraháskóla Íslands sem að greinargerðarhöfundur sat. Bæði voru það áfangar í myndvinnslu og vefsíðugerð. Einnig var aflað upplýsinga á netinu, meðal annars úr handbók um Paint.net sem gerð var af skólaskrifstofu Hafnarfjarðar (Vigfús Hallgrímsson, 2007).

Byrjað var á því að skoða á netinu allskonar upplýsingar og prófa aðgerðir í Paint.net til þess öðlast góða þekkingu á forritinu. Því næst var farið yfir það hvað myndi gagnast best sem grunnur að almennri myndvinnslu og svo skoðað hvað myndi henta unglíngum best. Eftir að búið var að sía út hvað skyldi fjallað um var hafist handa við að búa til leiðbeininga. Þegar leiðbeiningarnar voru tilbúnar var komið að því að búa til vef til þess að hýsa þær. Kosið var að nota Dreamweaver til þess þar sem það er einkum meðfærilegt og býður það upp á fjöldan allan af möguleikum. Þegar að vefurinn var kominn upp hófst vinnsla við að setja leiðbeiningarnar inn og aðrar upplýsingar um forritið. Þau atriði sem tekin eru fyrir á kennsluvefnum eru meðal annars:

- Myndgerðir, svo sem svarthvít, gamaldags og þess háttar.
- Breyta stærð mynda
- Laga rauð augu
- Velja hluta úr mynd
- Lagskipting mynda
- Afrita mynd af neti
- Vista eftir sniðum

## 2 Hagkvæmni kennsluvefs

Kennsluvefur þessi er ætlað að aðstoða nemendur, þá sér í lagi unglunga, eins og áður segir, við myndvinnslu í tölvum. Farið er yfir hvernig tólastika virkar og hvernig eigi að framkvæma ýmiskonar aðgerðir. Þar sem að forritið er á ensku þá er útskýrt á íslensku hvernig takkar og annað virka. Nemandinn fær þar af leiðandi tengingu á milli tungumála og fær því í leiðinni aukna þekkingu í ensku. Einnig er mikil fínvinna með mús og þjálfar það samhæfingu augna og handa. Nemandinn þjálfast í að vinna sjálfstætt að hluta og hlýtur færni í tölvuvinnslu. Sköpunargleði fær að njóta sín og örvar það bæði hugarflug og hugsun. Á þessu má sjá að ávinningur af æfingunum er margþættur og er því gott kennslugagn.

Mögulegt er að tengja myndvinnsluna við aðra kima námsins. Myndrænt efni á heima víða þar sem að sjónræn skynjun hefur mikil áhrif á túlkun einstaklingsins. Hægt er að tengja stafræna ljósmyndun við myndvinnslu og láta nemandann takast á við myndefni og -vinnslu á sinn eigin hátt. Einnig er möguleiki á að vefja íslensku við þetta og leggja ljóð eða sögu fyrir nemandann sem að hann á svo að túlka á sinn hátt með myndum. Ljósmynd sem tekin er getur öðlast nýtt líf með réttu vinnslunni. Önnur leið til þess að tvinna ljósmyndun og myndvinnslu við námið er að láta nemendur búa til skólablað eða fréttabréf þar sem þeim er ætlað að sjá um allt frá greinum og ljósmyndum til umbrots og myndvinnslu. Eins og áður segir er einnig tilvalið að nota myndvinnslu í myndmennt þar sem unnið er með myndir og sköpunargleðinni leyft að flæða. Því má sjá að myndvinnsla hefur marga og fjölbreytta möguleika í kennslu sem bætir fjölbreytileika án þess þó að til aukakostnaðar þurfi að koma fyrir skólann.

Í Mýrarhúsaskóla og í Valhúsaskóla á Seltjarnarnesi var sett fram ýmis konar val fyrir nemendur í efstu bekkjum fyrir skólaárið 2007-2008. Einn valkostur var tölvur og margmiðlun. Þar voru helstu markmið sú að nemendur skildu öðlast grunnþekkingu og skilning á margmiðlun og því sem hún stendur fyrir og þar á meðal var myndvinnsla. Þar var líka hugmyndin að nemendurnir yrðu

sjálfbjarga á þann hátt að þeir gætu nýtt sér tölvu og vinnslu á henni án utanaðkomandi hjálpar. Stefnt var að því að nota hagnýt forrit í hinum ýmsu þáttum myndvinnslu og miðað var að því að nota ódýr eða ókeypis námsgögn. (Skólanámsskrá grunnskóla Seltjarnarness, 2007: 26)

Hér má sjá að í einhverjum tilfellum eru grunnskólar að bjóða upp á myndvinnslu nú þegar og er því þörf á viðeigandi kennslugögnum. Byggt er ofan á fyrri kunnáttu í mörgum tilfellum og væri því jafnvel hægt að gera kennsluvef fyrir lengra komna líka í framtíðinni. Í tilfelli grunnskólanna á Seltjarnarnesi væri tilvalið að nýta Paint.net í þessa kennslu þar sem það er frítt forrit.



### 3 Aðalnámskrá grunnskóla

Stór þáttur í skilningi manna er sjónræn upplifun. Það skiptir ekki máli frá hvaða menningarheimi eða hvaða tungumál fólk talar, það getur notið þess að horfa á sama hlutinn. Myndmál getur sagt og lýst svo mörgu, eins og máltækið segir, mynd er á við þúsund orð. Nútímasamfélag í dag gerir miklar kröfur. Hefðbundin myndmennt hefur sín gildi en auk hennar eru myndmiðlar orðnir sífellt meira áberandi og ómissandi í samfélaginu. Þetta eru miðlar eins og sjónvarp, kvikmyndir, auglýsingar og tölvur. Markmið myndmenntakennslu eru í meiri mæli farin að miða að því að allt myndrænt efni sé tekið fyrir, bæði fagurlistaverk og götulist. Öllum er mikilvægt að sjá og geta túlkað umhverfi sitt. (Aðalnámskrá grunnskóla 2007: 9)

Þegar verið er að skipuleggja myndmenntanám á að byggja á ákveðnum atriðum sem snúa að nemandanum. Ætlast er til að viðfangsefni séu valin til að koma til móts við þroska, áhuga og þarfa nemandans þannig að myndmenntanamið nýtist honum sem best. Það á að kynna aðferðir og lögmál myndmenntarinnar svo að nemandinn geti vaxið í náminu og öðlast hæfni til að vinna meira sjálfstætt. Nemandinn skal fá svigrúm til að leyfa hugmyndum sínum að verða að veruleika í náminu. Notast á við tölvur þar sem að það á við og er þá aðallega verið að meina við hönnunarvinnu og upplýsingaleit. Einnig skal fræðileg kennsla fara fram samhliða verklegri kennslu og hvatt er til þess að farið sé í vettvangsferðir og listamenn séu fengnir sem viðmælendur. Myndmenntanamið nær yfir ferli sem inniheldur sköpun, túlkun, tjáningu, skynjun, greiningu og mat. Kennslan verður að vera í samræmi við aldur og þroska nemandans. (Aðalnámskrá grunnskóla 2007: 9)

Samkvæmt aðalnámskrá grunnskóla eru áfangamarkmið í myndmennt við lok 10. bekkjar eftirfarandi:

Á þessu stigi er áhersla lögð á sjálfstæða vinnu nemenda á grundvelli fyrra náms. Myndmennt er skyldunámsgrein í 8. bekk en í 9. og 10. bekk

er um valgrein að ræða. Lagt er til að í 9. og 10. bekk bjóði skólar sértækt val innan inntaksflokksins lögmála og aðferða, t.d. myndvinnslu í tölvum, myndbandsgerð, ljósmyndun, pappírsgerð, málun, mótun, grafik, veggjakrot (graffítí) o.s.frv. eftir mismunandi forsendum einstakra skóla. Áfangamarkmið unglíngastígs fela í sér kröfur til þeirra nemenda sem velja sér valgreinina myndmennt. (Aðalnámskrá grunnskóla 2007: 14)

Á þessu má sjá að skólanámskráin hvetur til þess að skólar bjóði upp á valnámskeið í ljósmyndun og myndvinnslu í tölvum. Það er hægt að sameina það og leggja fyrir nemendur viðfangsefni í stafrænni ljósmyndun þar sem þeir þurfa að vinna myndirnar eftir á og lagfæra þær. Því er tímabært að til verði almennilegur kennsluvefur á því sviði.

## Lokaorð

Markmið með gerð vefsíðunnar var að búa til kennsluvef sem að nýtist nemendum á unglingastigi við myndvinnslu. Tel ég að það hafi tekist prýðilega og vefurinn eigi eftir að geta gagnast grunnskólanemendum sem og byrjendum í myndvinnslu sem vilja bæta færni sína. Vonin er sú að kennsluvefurinn eigi eftir að vekja áframhaldandi áhuga hjá þeim sem að nýta sér hann. Eftir að vera búinn að fara í gegnum leiðbeiningarnar þar og kynnst Paint.net umhverfinu ætti að vera auðveldara að vinna með ljósmyndir einn og óstuddur.

Mikilvægt er að verkefni séu áhugaverð og við hæfi nemenda svo að þeir læri sem mest af þeim. Kennarinn þarf að vera opinn fyrir nýjungum og færsla á myndsköpun yfir í stafrænt form er það sem koma skal. Auðvelt er að aðlaga leiðbeiningarnar á kennsluvefnum að einstaklingum og bæta aukagetu við. Því tel ég að kennsluvefurinn sé tilvalið kennslugagn á Íslandi í dag.

Akureyri 14. september 2009

---

Jón Magnússon

# Heimildaskrá

Aðalnámskrá grunnskóla. 2007. *Listgreinar*. Menntamálaráðuneytið.  
Reykjavík.

Skólanámsskrá grunnskóla Seltjarnarness. 2007. *Valgreinar*. Sótt 25. júní 2009  
af <http://www.seltjarnarnes.is/media/skolanamskra/valgreinar/allt-skjalid.pdf>

Vigfús Hallgrímsson. 2007. *Stafræn ljósmyndavinnsla – handbók í notkun  
hugbúnaðarins Paint.Net (útgáfa v3.10)*. Sótt 19. júní 2009 af  
<http://www.hafnarfjordur.is/hafnarfjordur/upload/files/pdf/skolaskrifstofa/hugmyndablod/paintnethandbok310.pdf>

Wikipedia-The Free Encyclopedia. *Paint.NET*. Sótt 14. mars 2009 af  
<http://en.wikipedia.org/wiki/Paint.NET>